

Samþykkt

um breyting á samþykkt um lendingarsjóði í Norður-Ísafjarðarsýslu 30. nóvember 1907.

Sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 28 frá 4. des. 1877, lögum nr. 52 frá 20. des. 1901, lögum nr. 53 frá 10. nóv. 1905, lögum nr. 28 frá 11. júlí 1911 og lögum nr. 27 frá 22. okt. 1912, gjört, og hjer-aðsfundur fallist á eftirfarandi samþykkt um breyting á samþykkt um lendingarsjóði í Norður-Ísafjarðarsýslu frá 30. nóvember 1907.

1. gr. orðist svo:

Af öllum skipum, sem ganga til fiskiveiða í veiðistöðunum Hnifsdal og Ytri-Snæfjallaströnd (með Skarði), skal greiða í lendingarsjóð 1 kr. af hverjum vertíðarhlut, en af skipum, sem ganga til fiskjar úr Bolungarvík, 2 kr. af hlut.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 19. sept. 1914.

Sig. Eggerz

Jón Hermannsson.